

## Aðalfundur Glaðs 12. apríl 2023

Stjórn Glaðs:

Valberg Sigfússon, formaður

Svanhvít Gísladóttir, varaformaður

Þórður Ingólfsson, gjaldkeri

Sjöfn Sæmundsdóttir, ritari

Skjöldur Orri Skjaldarson, meðstjórnandi

Þórarinn Birgir Þórarinsson, meðstjórnandi, mætti ekki

Mættir eru:

Styrmir

Gyða

Gilbert

Ágústa

Viðar

Gísli

Sigurður Vatni

Valberg stjórnar fundi og Sjöfn ritar

Byrjum á skýrslu stjórnar sem er mjög vel unninn.

Síðasta vetur var fullt á námskeiði hjá Lindu Rún Pétursdóttir.

Sjöfn og Laufey Fríða héldu námskeið á Kverngrjóti í Saurbænum með frábærri þátttöku.

Weber var auglýst en engin skráði sig á námskeið hjá henni. Námskeiðið átti að byrja snemma en gekk ekki.

Mótin sem voru haldin var eitt tölmtót í höllinni og svo Nesoddamótið.

Á landsmót fyrir Glað fóru Katrín Einarsdóttir og Arndís Ólafsdóttir.

Eitt mót var haldið núna um daginn með ágætis þátttöku.

Skemmtinefndin grillaði og fór í reiðtúr, svo var farið í ferð.

Reiðveganefndin er að vinna í að klára hringinn í kringum Búðardal.

Við fjárfestum í gám, með salerni og kaffistofu aðstöðu. Hann verður staðsettur í horninu á reiðhöllinni.

Ekki voru margir formlegir stjórnarfundir, tveir voru haldnir í gegnum netið.

Sjöfn, Svanhvít og Biggi fóru á landsþingið fyrir hönd Glaðs.

Bæring lést og var hann heiðursfélagi.

Þórður fer yfir ársreikninginn:

Svala setti upp reikningana, Vilberg endurskoðaði. Bryndís gat því miður ekki farið yfir þá.

Ógreitt 31.12.2022 – fasteignastyrkur frá Dalabyggð til Nesodda 254.403

Handbært fé er um 2.8 milljónir – gámur var keyptur og undirbúningur fyrir tengingu fyrir salernið.

Sigurður á Vatni minnir á að hrossaréktasamband Dalamanna ætlar að styrkja tengingu fyrir salerni uppá 500.000 kr.

Reikningar eru samþykktir samhljóða.

Næst þarf að kjósa um meðstjórnendur í stjórn – fyrir hönd Skjaldar og Bigga. Biggi og Skjöldur voru valdir áfram.

Varamenn í stjórn eru Ármann og Steini Kiddi. Nýir varamenn eru Styrmir og Ágústa.

Skoðunamenn reikinga eru Vilberg á Hríshóli og Bryndís á Geirmundarstöðum. Þau voru bæði endurkjörin.

Fulltrúar á aðalfundi Nesodda eru Skjöldur og Valberg, þeir leggja til að halda fund fljótlega. Það þarf að breyta eignarhaldi til að Glaður eignist sem stærstan hlut.

Kosning nefnda er næst:

Mótanefnd:

Gísli

Ágústa

Biggi

Vilberg

Edda

Jóna María

Tölvu og tækninefnd:

Þórður

Dóróthea

Viðar

Reiðveganefnd:

Valberg

Skjöldur

Þórarinn Birgir

Skemmtinefnd:

Gyða

Sigurður á Vatni

Svanborg í nefnd, Sigurður á Vatni staðfestir

Fræðslunefnd:

Styrmir

Þórey

Vilberg  
Þórður  
Svanhvít  
Valberg  
Sjöfn  
Skjöldur

Ákvörðun ársgjald

7000 kr fullorðnir  
2500 kr börn

Önnur mál:

Styrmir tekur til máls: vill að mótanefnd og fræðslunefnd vinni betur saman hvað varðar börn. Svo börn geti mætt með hvaða hest sem er og tekið þátt.

Hann nefnir horseday appið að setja upp keppni í útreiðum. Sá sigrar sem fer flesta km eða tímalengd.

Hugmynd um ungmennaráð Glaðs.

Margar mismundandi hugmyndir komu varðandi keppnisform sem heillar alla og krefst ekki gangtegunda.

Valberg talar um að hugmynd sé komin að setja reiðnámskeið inni sumarnámskeiðin í Búðardal en þar er tómstundabíll, það sama er í gangi í Reykhólasveitinni.

Gyða spyr um samstarf skemmtinefndanna hjá Glað og Snæfelling.

Gísli spyr varðandi keppnisform, hvort það eigi að breyta eitthverju?

Keppni í hindrunarstökki. Óhefðbundnar keppnir.

Fundi slitið.